Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2022

Efni: Umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018.

Vísað er til máls nr. 139/2022 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018.

Í 1. gr. draga að framangreindri reglugerð er lagt til að orðin „og ákvæðum reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010, einnig eftir því sem við á,“ verði felld brott. Í samræmi við umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar vegna máls nr. 127/2022 í samráðsgátt stjórnvalda er gerð athugasemd við brottfall framangreindra orða.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gerir athugasemdir við brottfall reglugerðar um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010 án þess að ný reglugerð taki við. Hætta er á að það skapist ákveðið tómarúm ef að reglugerðin verður felldar úr gildi án þess að nokkuð komi í staðinn fyrir hana. Þau rök að fella eigi reglugerðina úr gildi einungis vegna þess að hún eru sett í tíð eldri laga eru ekki talin fullnægjandi að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að framangreind reglugerð verði endurnýjuð og uppfærð m.t.t. nýrra laga og að hún verði felld úr gildi samhliða gildistöku nýrrar reglugerðar.

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Bára Sigurjónsdóttir,
lögfræðingur